

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 30/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/1999 frá 24. september 1999⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/453/EB frá 18. júní 1999 um breytingu á ákvörðunum 96/579/EB og 97/808/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar vegbúnað annars vegar og gólfefni og slitlag hins vegar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/454/EB frá 22. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar brunaheftandi, brunapéttandi og brunaverjandi byggingarvörur⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/455/EB frá 22. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar samsafn hluta fyrir einingahús úr timbri eða bjálkahús⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 178, 14.7.1999, bls. 50.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 178, 14.7.1999, bls. 52.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 178, 14.7.1999, bls. 56.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 27.

- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/469/EB frá 25. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar byggingarvörur sem tengjast steinsteypu, steinlími og fúgufyllingarefni⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/470/EB frá 29. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar lím til nota í húsbyggingar⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/471/EB frá 29. júní 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar upphitunartæki⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.
- 8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/472/EB frá 1. júlí 1999 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar pípur, tanka og fylgihluti sem ekki komast í snertingu við drykkjarvatn⁽⁸⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **399 D 0453:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/453/EB frá 18. júní 1999 (Stjtið. EB L 178, 14.7.1999, bls. 50).
- **399 D 0454:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/454/EB frá 22. júní 1999 (Stjtið. EB L 178, 14.7.1999, bls. 52).
- **399 D 0455:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/455/EB frá 22. júní 1999 (Stjtið. EB L 178, 14.7.1999, bls. 56).
- **399 D 0469:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/469/EB frá 25. júní 1999 (Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 27).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 32.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 37.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 42.

- **399 D 0470:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/470/EB frá 29. júní 1999 (Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 32).
- **399 D 0471:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/471/EB frá 29. júní 1999 (Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 37).
- **399 D 0472:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/472/EB frá 1. júlí 1999 (Stjtið. EB L 184 17.7.1999, bls. 42).“

2. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 1999/453/EB, 1999/454/EB, 1999/455/EB, 1999/469/EB, 1999/470/EB, 1999/471/EB og 1999/472/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.